

Mývatnsstofa ehf.  
Hlíðavegur 6  
660 Mývatn

Reykjavík 30. apríl 2018  
UST201803-346/I.M.B.  
09.07.01

### **Efni: Leiksýningar í Dimmuborgum**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Mývatnsstofu ehf., dags. 20. mars 2018, um leyfi til að halda leiksýningar og taka á móti gestum í Dimmuborgum, n.t.t. í Sumarhelli, frá júní til september 2018, og á Hallarflöt frá nóvember 2018 til janúar 2019.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 1262/2011. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir og varðveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslu- og útivistargildis. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að halda leiksýningar og taka á móti gestum í Sumarhelli frá júní til september 2018 og á Hallarflöt frá nóvember 2018 til janúar 2019. Hámarksfjöldi gesta verður 40 manns á hverri sýningu og tekur hver sýning um 30 mínútur. Fjöldi starfsmanna að verkefninu eru 3-14 manns, fer eftir sýningum. Setja þarf upp skilti sem sýnir hvar sýningarnar verða. Ekki er þörf á notkun vélknúinna ökutækja vegna verkefnisins og ekki er þörf á að fara út fyrir göngustíga.

Í Sumarhelli er um að ræða átta sýningar á tímabilinu 21. júní til 6. september 2018.

Ekki er gert ráð fyrir því að áhorfendur fari út fyrir stíga. Mun starfsmaður verkefnisins vísa sýningargestum leiðina að sýningarstöðunum. Stígur liggur umhverfis hellinn og tröppur liggja niður í hann. Á meðan sýningu stendur munu starfsmenn verkefnisins loka aðgengi að svæðinu til að gæta þess að aðrir gestir svæðisins blandist ekki sýningargestum. Svæðið verður opið almenningi að öðru leiti.

Á Hallarflöt er áætlað að hafa tvær sýningar hvern laugardag og sunnudag á aðventunni, jafnvel byrja sýningar í nóvember. Svæðið verður lokað á meðan sýningum stendur en að öðru leiti er það opið almenningi.

Til að gæta þess að gestir svæðisins blandist ekki sýningargestum verður aðgangur takmarkaður með gjaldtöku við innganginn að Hallarflöt. Upplýsingaskilti verða við innganginn að Hallarflöt.

**Áhrifamat:**

Í Dimmuborgum finnast einstæðar hraunmyndanir sem urðu til í eldsumbrotum fyrir um 2300 árum. Hraundrangar þeir sem finnast í Dimmuborgum eru einstæðir á heimsvísu og hafa mikið náttúruverndargildi. Því er óheimilt að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir innan náttúruvættisins.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir gögn málsins í samráði við Landgræðslu Ríkisins og telur þær ekki líklegar til að valda tjóni á jarðmyndunum á svæðinu enda verði farið eftir skilyrðum leyfisins í hvívetna og þess sérstaklega gætt að starfsmenn verkefnisins og gestir sýninganna fari um landið með gát og gæti þess að valda ekki skemmdum.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leiti leyfi fyrir átta sýningum í Sumarhelli á tímabilinu 21. júní til 6. september 2018 og tveimur sýningum hvern laugardag og sunnudag frá nóvember 2018 til og með janúar 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Öll stýring, framsetning leiðbeininga og hverskonar aðgerðir til að bæta aðgengi að sýningunum skulu eiga sér stað í samráði við sérfræðing Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leiti eins fljótt og auðið er.
- Gestir gangi einungis á merktum göngustígum.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að sýningum loknum. **Umferð starfsfólks verkefnisins takmarkast við göngustíga og sýningarsvæðin. Ekki skal farið inn á gróðursvæði þar sem umgangur er líklegur til að valda skemmdum.**
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að sýningum lýkur og afmá skal öll ummerki þeirra.
- Umhverfisstofnun og Landgræðsla ríkisins, sem umsjónaraðili svæðisins, fara fram á að fá yfirlit yfir gestafjölda og tímasetningar sýninga.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi landeiganda þarf einnig fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun og Landgræðsla Ríkisins, sem umsjónaraðili svæðisins, óska eftir að fundað verði um framvindu verkefnisins að sýningum loknum.


**Leyfisgjald:**


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi á friðlýstum svæðum er 39.400 kr. sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Davíð Örvar Hansson  
Sérfræðingur